

HIV

Upplýsingar um smitleiðir, einkenni, greiningu og forvarnir

HIV (human immunodeficiency virus) er alvarlegur kynsjúkdómur af völdum veiru. Veiran ræðst á ónæmiskerfi líkamans og veldur því að frumum sem verja líkamann gegn sýkingum fækkar. HIV er tilkynningaskyldur sjúkdómur og samkvæmt lögum þarf að rekja smit til að hefta útbreiðslu hans. Ráðlagt er að allar konur séu skimaðar á meðgöngu. Einstaklingum í aukinni hættu á því að smitast er ráðlagt að fara í HIV próf einu sinni ári. Við greiningu á kynsjúkdómi ætti alltaf að skima fyrir HIV.

Smitleiðir

HIV smitast við óvarðar samfarir um leggöng, endaþarms- og munnmök og getur borist frá móður til fósturs. HIV getur einnig smitast þegar fólk deilir nálum.

HIV smitast ekki við faðmlag, þurra kossa og nána snertingu þar sem fólk kemur saman í stórum hóp eins og til dæmis á tónleikum, í farartækjum sem notuð eru til almenningssamgangna eða í sundlaugum.

HIV er algengast á Íslandi hjá karlmönnum sem stunda kynmök við aðra karlmenn og hjá þeim sem skipta oft um kynlífsfélaga, sérstaklega meðal þeirra sem nota ekki smökk. Þeir sem ekki teljast til áhættuhópa geta þó einnig smitast af HIV.

Einkenni

Margir fá flensulík einkenni um það bil tveimur til sex vikum frá smiti. Hafa þarf í huga að flensulík einkenni eru þó algeng og sjaldnast orsökðuð af HIV sýkingu. Eftir þessi fyrstu einkenni getur veiran verið í líkamanum án þess að nokkur einkenni finnist í mörg ár eða allt þar til frumurnar sem verja líkamann eru orðnar það fáar að þær ná ekki að verjast sýkingum.

Greining

Hægt er að skima fyrir HIV veiru í blóði. Blóðsýni eru tekin á Landspítala, á heilsugæslustöðvum eða hjá sjálfstætt starfandi rannsóknarstofum. Hægt er að leggja inn beiðni um skimun í Landspítalaappi (kynsjúkdómarannsókn) eða að óska eftir að læknir sendi beiðni um blóðrannsókn. Erlendis eru einnig áanleg hraðgreiningarpróf þar sem notaður er blóðdropi úr fingri eða stök úr munni.

Veiran eða mótefni gegn henni verða mælanleg í blóðsýni eftir ákveðinn tíma frá smiti. Þá er talað um að blóðsýnið verði HIV jákvætt. Flest blóðpróf eru áreiðanleg eftir fjórar vikur en hraðpróf eru ekki talin örugg fyrr en þremur mánuðum eftir smit. Við sterkan grun um HIV smit er mælt með snemmprófi og endurprófi sex vikum síðar. Ávallt þarf að staðfesta jákvæða niðurstöðu með endurtekinni blóðrannsókn.

Meðferð og horfur

Þeir sem greinast með HIV fá viðtal hjá smitsjúkdómalækni sem fer yfir næstu skref og býður meðferð. Á meðferð eru lífslíkur fólks með HIV næstum jafn langar og hjá þeim sem eru HIV neikvæðir, sérstaklega ef hún er hafin snemma.

HIV jákvæður einstaklingur sem er á meðferð og með ósýnilegt veirumagn í blóði smitar ekki aðra.

Smitrakning

Sá sem greinist með HIV þarf að gefa upplýsingar um þá sem hann hefur stundað kynlíf með síðustu tólf mánuði vegna þess að þeir gætu líka verið smitaðir. Hjúkrunarfræðingur á göngudeild smitsjúkdóma aðstoðar þann sem er nýlega greindur með HIV við að ná sambandi við kynlífsfélagi ef óskað er eftir og boðar þá í blóðrannsókn. Göngur vegna smittrakninga eru ekki hluti af sjúkraskrá og er þeim eytt að rakningu lokinni.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Smokkur er mjög góð vörn gegn HIV og dregur úr líkum á smiti. Auk þess verndar smokkanotkun líka gegn öðrum kynsjúkdómum. PrEP (Pre-Exposure Prophylaxis) er lyfjameðferð sem dregur verulega úr líkum á HIV smiti. Hún er ætluð HIV-neikvæðum einstaklingum sem eru í aukinni áhættu. Algengasta PrEP-lyfið er Truvada (tenofovir/emtricitabine). Það er tekið daglega eða fyrir kynlíf samkvæmt sérstökum leiðbeiningum. PrEP verndar ekki gegn öðrum kynsjúkdómum. Ef lyfin eru rétt tekin koma þau í veg fyrir smit. Ef óskað er eftir fyrirbyggjandi meðferð má gera það með því að hafa samband við göngudeild húð- og kynsjúkdóma í Landspítalaappinu.

Upplýsingar og ráðgjöf

Hægt er að panta símaráðgjöf á göngudeild húð- og kynsjúkdóma í Landspítalaappinu eða með því að hringja í síma 543 6050 á símatíma deildar, virka daga kl. 11-12 og kl. 13-14. Einnig má bóka ráðgjöf hjúkrunarfræðings á göngudeild smitsjúkdóma í síma 543 6040.

Hægt er að afbóka tíma með því að senda tölvupóst á netfangið hudogkyn@landspitali.is